

Hafnarfjarðarbær
B.t. bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. október 2022

Efni: Beiðni samtakanna Villikatta um úthlutun lóðar.

Undirrituð fer þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, fyrir hönd sjálfboðaliðasamtakanna Villikatta, að samtökunum verði úthlutað lóð í landi Hafnarfjarðar við Kaplaskeið, þar sem samtökin geta reist húsnæði þar sem villi- og vergangskisum er sinnt og þeim hjúkrað.

Nánar til tekið standa vonir félagsins til þess að Hafnarfjarðarbær láti félaginu slíka lóð í té án endurgjalds og án þess að innheimt verði gatnagerðargjöld eða önnur gjöld.

Samtökin hafa átt gæfuríkt og gott samstarf við bæinn og bæjarbúa síðastliðin átta ár. Margir af okkar sjálfboðaliðum eru einmitt Hafnfirðingar og öflugasti hluti okkar starfs er einmitt í Hafnarfirði.

Bón okkar kann að virðast djörf við fyrstu sýn en er, ef betur er gáð, sanngjörn og skiljanleg í ljósi þess að samræmt útreikningum samtakanna hafa þau sennilega sparað bæjarfélaginu 70-80 milljónir króna á þeim átta árum sem þau hafa starfað í sveitarfélaginu.

Á þeim tíma hafa 2139 kettir farið í gegnum samtökin; Sjálfboðaliðar samtakanna hafa komið köttunum til dýralækna sem gelda þá, ormahreinsa, lækni skoða, gera að sárum þeirra og veita þeim aðra nauðsynlega lækniþjónustu. Einnig hafa sjálfboðaliðarnir tekið þessa sömu ketti í fóstur á meðan þeir jafna sig og svo annað hvort skilað þeim á sama stað ef um villikisur er að ræða eða komið þeim á heimili. Um er að ræða villiketti og vergangskisur sem hafa týnst, verið yfirgefnar af eigendum eða heimiliskettir hverra eigendur hafa látist, farið á elliheimili eða aðstæður þannig að eigendur geta ekki haft kettina lengur.

Löggjafinn krefst þess að sveitarfélögin sinni dýrum sem eru týnd eða slösuð hvort sem um ræðir gæludýr, villt dýr eða hálfvillt dýr. Miklar kröfur eru gerðar til sveitarfélaga að tryggja umhverfi fyrir alla og bjóða nauðsynlega þjónustu fyrir dýr. Samfélagsmiðlar (stór hluti þeirra síðna er á okkar vegum) hjálpa við að finna týnd gæludýr og við síðan leitum uppi eigandann. Það er skylda sveitafélaga að fylgja eftir kvörtunum vegna dýrahalds og taka við dýrum í erfiðum aðstæðum sem hefur verið svo að segja alveg á okkar höndum síðastliðin átta ár. Samtökin hafa komið ótal týndum kisum heim til sín aftur.

Við erum þegar komin með 300 fermetra stálgrindarhús sem bíður þess að geta þjónað kisum sem þessum. Um er að ræða gott og verðugt málefni, málefni sem ratar oft og reglulega í fjölmiðla.

Hafnfirðingar hafa sýnt villiköttum einstakt atlæti í gegnum tíðina; nært þá, veitt þeim skjól og bæli, sem hefur haldið í þeim lífi öll þessi ár. Hafnarfjarðarbær getur verið stoltur frumkvöðull í að styðja við samtökin Villiketti og að leyfa þessum köttum að lifa áfram í sínu umhverfi í samræmi við sitt náttúrulega atgervi, í stað þess að aflífa þá eins og mörg sveitarfélög gera ennþá. Fyrir þetta einstaka framtak kunnum við bænum miklar þakkir.

Fari svo, að sveitarfélagið taki vel í þessa bön okkar um lóð væri það draumastaða fyrir samtökin að geta haft allt eftirfarandi á sama stað: lager og geymslu, sóttkví, herbergi fyrir lausa ketti og ketti í heimilisleit, aðstöðu fyrir dýralækni til að skoða þà, aðstöðu fyrir kettlinga og þvottahús.

Með von um jákvæð og skjót viðbrögð.

F.h. Villikatta,
Arndís Björg Sigurgeirsdóttir